

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 116

Febrúar 2010

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 23. febrúar 2010 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Efni fundarins: Hefðbundin aðalfundarstörf.

Að loknum aðalfundarstörfum sýna Gísli og Freyr Jónsynir myndir úr leiðangri á Suðurskautslandinu í nóvember síðastliðnum.

AÐALFUNDUR JÖKLARANNSÓKNAFÉLAGSINS

Aðalfundur Jökларанnsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 23. febrúar kl. 20:00 í sal 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Efni fundarins er samkvæmt 7. grein laga félagsins.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Kjör heiðursfélaga
3. Skýrsla stjórnar
4. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar (engar tillögur liggja fyrir)
6. Kosning stjórnar
7. Kjör valnefndar
8. Kosning endurskoðenda
9. Önnur mál

Að loknum aðalfundarstörfum og kaffihléi segja bræðurnir Gísli og Freyr Jónssynir frá leiðangri sínum á Suðurskautslandið og sýna myndir. Bræðurnir fóru til Novo á Dronning Maude Land í nóvember á síðasta ári og unnu meðal annars við að finna öruggar akstursleiðir fyrir vísindamenn, klifrara og náttúruskoðara, en til þess var notaður 400 MHz radar sem ýtt var á undan bílnum í leit að sprungum.



MAGNADAR BREYTINGAR Á LANDSLAGI sporðamælingar haustið 2009

Borist hafa umsagnir um 49 mælingastaði við jökla landsins en ófært var að eða ómælanlegt á 12 þeirra. Jöklar styttust á 32 mælistöðvum, 4 gengu fram og 1 stóð í stað.



Loftmynd af Steinholtsjökli. Þrengir mjög að jöklinum við fjallsrætur og minnkar þá næring hans á flatanum fyrir neðan. Hætt er við að jökullinn bráðni nú ört í sporðinn. Undir fjallshlíðinni vinstra megin við jökulinn eru urðarhrúgöld frá því er Innstíhaus hrundi 15. janúar 1967 ofan á jökulinn og út í Stakkholtslón og olli stórhlaupi í Markarfljóti. Ljós. Ragnar Th. Sigurðsson.

Framgangur mældist við austanverðan Skeiðarárjökul annað árið í röð en samt náði Skeiðará sér fram vestur með jaðrinum þar sem hún rennur nú óskipt til Gígjukvíslar. Næsta stórfenglegt er að koma að þessum stað núna eftir þær mögnuðu breytingar á landslagi sem þar urðu síðastliðið sumar. Á annarri stöðinni við Heinabergsjökul mældist framgangur en sporðurinn flýtur upp í lóni og bregst því sérkennilega við loftslagsbreytingum. Gígjökull er nú alveg kominn upp úr lóninu og

kelfir ekki lengur í það. Þar var nú mælt með mjög nýtískulegum tækjum frá Verkfræðistofu Suðurlands á Selfossi.

Framhlaup Reykjarfjarðarjökuls hefur sungið sitt síðasta í bili og styttist hann í sumar þótt lítið væri. Sömuleiðis bráðnar nú af sporði Búrfellsjökuls eftir framhlaupið þar. Hins vegar hljóp Múlajökull nú fram eftir 17 ára hlé. Eins og við mátti búast var það ekki löng leið sem hann lagði undir sig að þessu sinni, aðeins um 10 metrar, enda hefur hann rýrnað talsvert mikið í heildina tekið á þessum tíma. Ekki fór þó milli mála að hér er um fullburða framhlaup að ræða enda jökullinn bólgin og sprunginn í sporðinn. Í ár styttist Skeiðarárjökull (vestasta mælistöð) mest allra jökla í ár eða 155 m. Lónið við Kvíárjökul og Fjallsárlón virðast hafa stækkað mikið í sumar.


Bergur Pálsson og fjölskylda tók að sér mælingar á sporðum Brókarjökuls og Fláajökuls. Hann er ættaður af þessum slóðum og tengist báðum jöklunum beint eða óbeint.

Oddur Sigurðsson

JÖKLABÓK HELGA ENN Á TILBOÐI

Félögum í Jöklarannsóknafélaginu stendur enn til boða að kaupa bók Helga Björnssonar jöklafræðings á tilboði hjá útgáfunni Opnu. Jörfélagar fá bókina á 13.990.- krónur en svokallað leiðbeinandi útsöluverð er 19.990.-

Helgi fékk fyrir bókina Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðibóka en þau voru afhent á Bessastöðum 10.



febrúar síðastliðinn. Helgi er vel að verðlaununum komin enda bókin mikið og glæsilegt rit, byggt á áratuga rannsóknum Helga og samstarfsmanna hans við Háskóla Íslands og víðar. Í henni er lýst „jöklum þessa lands og sambúð þjóðarinnar við þá frá upphafi byggðar til okkar daga, hvernig jöklar hafa mótað landið og eytt. Bókin segir sögu þekkingaröflunar og skilnings á jöklum frá því fyrst var farið að rannsaka þá fram til nútímarannsókna. Rakin eru spor löngu horfinna jökulbreiða, hulunni svipt af landinu undir jöklum Íslands og greint frá líklegri framtíð þeirra,“ eins og segir í tilkynningu bókaútgáfunnar.

Myndefni er fjölbreytt enda Helgi ötull og snjall ljósmyndari en auk þess eru í bókinni fjöldi skýringarmynda, landakort, gervihnattarmyndir og þrívíð kort af landslagi undir jöklum sem nú birtast í fyrsta sinn almenningi á prenti.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við bókaútgáfuna Opnu Skipholti 50b, s.578-9080, opna@opna.is

SKÁLAGJÖLD 2010

Á fundi stjórnar Jöklarannsóknafélagsins 11.janúar síðastliðin var samþykkt ný gjaldskrá fyrir gistingu í skálum félagsins árið 2010.

	Félagsmenn kr/nótt/mann	Utanfélagsmenn kr/nótt/mann
Grímsfjall	2.000.-	2.800.-
Jökulheimar	1.600.-	2.300.-
Esjufjöll	1.600.-	2.300.-
Aðrir skálar	1.000.-	1.500.-

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Valgerður Jóhannsdóttir